

FERÐIR

LAUGARDAGUR 25. FEBRÚAR 2012

Kynningarblað

Sólarferðir
Golf ferðir
Hjólaferðir
Gönguferðir
Rútuferðir
Flugferðir



Fjörug og fjölskrúðug borg

Dublin hefur notið mikilla vinsælda hjá Íslendingum og skipuleggur ferðaskrifstofan **Úrval Útsýn** fjögurra daga ferð í apríl þar sem þátttakendum gefst færi á að kynnst öllu því besta sem borgin hefur upp á að bjóða.

Ævintýraleg, fjörug og ið-
andi af lífi. Þannig lýsir
Daði Guðjónsson, mark-
aðsstjóri Úrvals Útsýnar, Dublin
höfuðborg Írlands sem landsmenn
hafa fyrir löngu tekið ástíðni við.
„Einn helsti kosturinn við þessa
fallegu borg sem hefur verið í mik-
illi uppbyggingu er sá að fólk á
öllum aldri finnur skemmtun og
stemningu við sitt hæfi. Leitun
er að annarri borg í Evrópu sem
býður upp á jafn fjölbreytta af-
þreyingu, menningu, listir, ljúf-
fengan mat, verslanir og magn-
aða sögu. Dublin er lítil borg með
ótrúlega mikinn sjarma og býður
allt milli himins og jarðar,“ segir
hann.

Helgi Daníelsson fararstjóri
verður ferðalöngum til halds og
trausts í fyrirhugaðri ferð í apríl.
Að sögn Daða þekkir Helgi Dublin
eins og handarbakið á sér og leið-
ir þátttakendur í ævintýrlega
skoðunarferð um borgina til að
vekja athygli á helstu stöðum og
afþreyingu.

Af öðrum skemmtilegum við-
burðum í Dublin í þessari ferð
nefnir Daði írskt kráarkvöld sem
þarf að bóka sig sérstaklega á
og tónleika í O2-tónleikahöll-
inni með tveimur af vinsælustu
strákaböndum síðustu áratuga,
Back Street Boys og New Kids
on the Block sem hann segir til-
valið fyrir saumaklúbba, gæsa-
og vinkonuhópa sem vilja gera
sér glaðan dag. „Þá er heimsókn
í Guinness-bruggverksmiðjuna
áhugaverð fyrir alla sem leið sína
leggja til Dublinar og í borginni
eru margs konar söfn sem oft er
ókeypiss inn á.“

Fjörugt og fjölskrúðugt næt-
urlíf er í og í kringum hverfið
Temple Bar í miðbænum, þar úir
og grúir af spennandi veitinga-
húsum, krám og skemmtistöðum.



„Einn helsti kosturinn við þessa fallegu borg sem hefur verið í mikilli uppbyggingu er sá að fólk á öllum aldri finnur skemmtun og stemningu við sitt hæfi,“ segir Daði um Dublin.



Daði segir borgarferðir nú vinsælar.

Daði segir því tilvalið að kíkja út á
kvöldin og fá næturlífið beint í æð.

Daði bætir við að ekki skemmi
fyrir að frá Íslandi er aðeins
tveggja tíma flug til Dublinar þar
sem hægt er að velja um gistingu
á þremur úrvals hótélum. „Hilton

Dublin og Maldron eru bæði fjög-
urra stjörnu, Camden Court er
þrjú stjörnu hótél og öll þessi
hótél eru miðsvæðis,“ bendir hann
á og bætir við að ótvírætt sé mikil
hagræðing í því að fljúga út 19.
apríl á sumardaginn fyrsta. „Þar
af leiðandi missir maður í raun
bara tvo daga úr vinnu. Þetta ger-
ist eiginlega ekki betra og frábær
leið til að hefja sumarið.“

Úrval Útsýn býður upp á fleiri
möguleika á borgarferðum og má
nálgast allar upplýsingar á www.urvalutsyn.is

Í sól og sumaryl

Úrval Útsýn býður einnig upp
á spennandi sólarlandaferðir í
sumar og að sögn Daða er þegar
byrjað að bóka langt inn í sum-
arið. „Það er ánægjulegt að segja
frá því að við upplifum aukna
eftirspurn á þessu ári. Majorca er

að koma mjög sterk inn hjá land-
anum eftir langt hlé,“ segir hann
og nefnir einnig til sögunnar Al-
mería í hjarta Andalúsíu sem sló
svo rækilega í gegn síðasta sumar.
„Flottur kostur fyrir fjölskyldur
og þá sem vilja mikið fyrir pen-
inginn.“ Aðrir sumarfangastað-
ir sem Úrval Útsýn býður upp á er
blómaeyjan Tenerife og smábær-
inn Albír sem er mitt á milli Beni-
dorm og listamannaborgarsins
Althea á Spáni.

Auk sólarlanda og borgarferða
er hægt að svala ævintýraþorsta
sínnum í spennandi sérferðum,
lúxussiglingum, gönguferðum í
einstakri náttúruferð og ekki
má gleyma golf ferðunum í vor en
þar fer hver að verða síðastur að
tryggja sér sæti. Hægt er að fræð-
ast meira um ferðir Úrvals Útsýn-
ar á heimasíðunni www.urvalutsyn.is.

AÐRAR SPENNANDI FERÐIR Á VEGUM ÚRVALS ÚTSÝNAR



NÝ OG BETRI

**Ógleymanleg ferðalög í bland
við rækt á líkama og sál með
frábærum félagsskap!**

Paulvanir leiðbeinendur blanda
saman skemmtun og upp-
byggilegum námskeiðum í
góða veðrinu á suðrænum
slóðum. Farið verður m.a. í
spennandi zumba- og jógaferð
til Albír, fjöruga konuferð með
Eddu Björgvins og nýbúið er
að setja upp glæsilega vikuferð
til Majorca með Ásdísi Olsen.
Góður félagsskapur, ný sýn á
lífið – og ný og betri!



GÖNGUFERÐIR

**Einstök náttúruferð og
ævintýrlegar gönguleiðir.**

Heillandi og fjölbreyttar göngu-
ferðir erlendis. Spennandi 6 daga
gönguferð í júní um Windermere
Way í vatnahéraði Englands sem
er eitt fegursta svæði landsins.
Í ágúst verður farin vikuferð til
Oberstorf í þýsku Ölpunum.
Ævintýrlegar ferðir þar sem er
gengið, ferðast með kláfum og
ýmsum öðrum farartækjum í
ævintýrlegu umhverfi. Athugið
að aðeins eru örfá sæti eftir í
Oberstorf-ferðina.

BORGARFERÐIR

Spennandi helgarferðir í vor 2012



Höfuðborg Írlands

DUBLIN

Fjörug menningarborg!

19. -23. apríl

Frábær ferð til hinnar stórskemmtilegu og litlegu
borg Dublin á Írlandi. Borgin iðar af fjöri fyrir
jafnt unga sem aldna og allir finna skemmtun og
stemningu við sitt hæf. Tilvalið fyrir hópinn þinn!

Verð frá:

84.900 kr.

á mann m.v 2 fullorðna í tvíbyli í 4 nætur á
Camden Court með morgunmat inniföldum




LÁGMÚLA 4 108 RVK
SÍMI 585 4000
URVALUTSYN.IS



Rómantískir áfangastaðir

Ísland er einn af sex stöðum sem Lonely Planet telur upp sem ákjósanlega en óhefðbundna rómantíska áfangastaði. Listinn var tekinn saman í tilefni Valentínusardagsins en á við hvenær sem er ársins fyrir ástfangin pör.



1 Miðaldastemning í Kantaraborg

Canterbury er borg í Kent í suðausturhluta Englands. Miðaldastemning ríkir í borginni þar sem er að finna fallega dómkirkju, krár, leikhús og rómantískar gönguleiðir að miðaldakastala í smáþorpinu Chilham.

2 Vín og ristað brauð í Mendocino í Kaliforníu

Eitt besta leyndarmál Kaliforníu er strandferðalag norður af San Fransisco frá Sonoma-héraði til Mendocino. Mendocino-bær þykir afar fallegur og hentugt að gista í bænum og fara þaðan í ferðir á vínekrur í grenndinni.

3 Panama og Kólumbía

Cartegna er bærinn sem Gabriel García Márquez notaði sem söguvið bókár sinnar Ástin á tímum kólerunnar. Hún þykir ein rómantískasta borg Suður-Ameríku.

4 Ástarlest til Churchill í Manitoba

Norðurljósín eru líklega það sem helst dregur elskendur til hins kalda smábæjar Churchill í Manitóbá í Kanada. Reyndar er bærinn helst þekktur fyrir ísbirni sem oft leggja leið sína um svæðið.

5 Helgi á Íslandi

Lonely Planet bendir á að ferðalag til Íslands frá bæði austurströnd Bandaríkjanna og Englandi taki skamma stund. Norðurljósín, náttúran og heitar laugar eru talin upp sem helsta aðdráttarafli elskenda.

AUÐVELT AÐ SKREPPA TIL BRIGHTON

Það tekur aðeins hálf klukkustund með rútu frá Gatwick-flugvelli til Brighton sem er við suðurströnd Bretlands. Bærinn er vinsæll sumarleyfisstaður Breta og hefur yfir sér rómantískan blæ. Í miðbænum eru þröngar götur þar sem fjölda veitingastaða má finna. Verslunarmiðstöð er skammt þar frá með þekktum og vinsælum verslunum eins og H&M og Mothercare. Í nágrenninu má síðan finna litlar sérverslanir jafnt með fatnað sem hluti fyrir heimilið.

Á veturna er Brighton vinsæll háskólabær en á sumrin sækir fólk á ströndina. Helgarferðir eru vinsælar, þá er legið í sólbaði á ströndinni á daginn og veitingahúsin heimsótt á kvöldin. Brighton er stutt frá London og reglulegar lestarferðir á milli svo auðvelt er að skreppa þangað. Brighton hentar þeim sem vilja rólegra umhverfi en stórborgin býður upp á en engu að síður margt spennandi að gerast. Leikhús- og tónlistarlíf er liflegt. Í Brighton er tívólí niðri á bryggju og þangað sækja margir ferðamenn. Frá því í apríl er boðið upp á útsýnisferðir í tveggja hæða strætisvögnum. Leiðsögn er í gegnum heyrnartæki. Eitt af því sem vekur gjarnan athygli ferðamanna er Royal Pavillon sem Georg IV lét reisa. Höllin er byggð í indverskum stíl og hefur yfir sér ævintýralegan blæ. Auðvelt er að rata um Brighton og strætisvagnar eru stöðugt á ferðinni vilji menn fara í skoðunarferð með þeim.



Þröngar og skemmtilegar götur eru í Brighton þar sem eru veitingahús og verslanir.



Á ströndinni í Brighton með tívólíð í bakgrunni.

Ævintýri í Marokkó

12.-22. maí

Fararstjóri: Trausti Hafsteinsson

Einstakt tækifæri til að líta stundarkorn inn í nýjan heim og kynnast nokkrum völdum stöðum í Marokkó.

Netverð: 249.900 kr. á mann í tvíbýli

Innifalið: Flug til Jerez og frá Malaga, skattar, gisting á góðum 3*/3*+ hótelum í 10 nætur með hálfu fæði inniföldu. Kynniferðir samkvæmt dagskrá. Sigling frá / til Spáni til Afríku. Akstur til og frá flugvelli og á milli áfangastaða. Íslensk fararstjórn miðað við lágmarkspáttöku 20 manns.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Útivist með Bændaferðum

Bændaferðir hafa boðið upp á svokallaðar hreyfiferðir um margra ára skeið þar sem náttúrunnar er notið með útivist og hreyfingu. Rúnar Helgason og Sigrún Valbergsdóttir eru fararstjórnar í spennandi hjóla- og gönguferðum meðal annars í Færeyjum, Austurríki og Þýskalandi.

Hjólið frábær ferðamáti

Rúnar Helgason er fararstjóri tveggja sjö daga hjólaferða um Þýskaland: Við rætur



Alpanna og Garmisch Partenkirchen – Bad Tölz. Í báðum ferðum er hjólað eftir vinsælustu hjólaleiðum Þýskalands.

„Þessar hjólaferðir eru fyrir alla sem hreyfa sig eitthvað og þátttakendur hafa verið á aldrinum

12 til 74 ára. Í flestum tilfellum leigjum við reiðhjólín á staðnum og fólk þakkar létt fyrir ferðina en við hjólum með farangurinn á bögglaberanum,“ segir Rúnar en búið er að skipleggja dagleiðirnar fyrirfram. Hópurinn hjólar á milli hótela þar sem gíst er eina nótt, en einu sinni í hvorri ferð gístir hópurinn í tvær nætur og er þá hægt að taka hvíld.

„Við erum ekkert að flýta okkur. Við stoppum á veitingastöðum á leiðinni, fáum okkur hressingu og skoðum okkur um. Það er engin keppni í gangi og markmiðið að allir fái á tilfinninguna að þeir séu í frí,“ segir Rúnar. „Hjólið er frábær ferðamáti til að upplifa umhverfið, lyktina, ferska loftið og hljóðin, en í báðum ferðum er hjólað um stórbrotið landslag. Við reynum að velja leiðir þar sem eru ekki miklar brekkur en auðvitað er alltaf eitthvað um þær. Við hjólum frá München og inn í Alpana. Ég fer yfirleitt á undan hópnunum og konan mín, Þuríður Árnadóttir, er aftast og passar að enginn dragist aftur úr. Við segjum bara eins og skáldið, ekkert bratt, bara mismunandi flatt,“ segir Rúnar.



Hjólað er um eina fallegustu hjólaleið Þýskalands við rætur Alpanna sem gjarnan er kölluð „Panorama-hjólaleiðin“ eða útsýnsleiðin.

MYND/B.ÆNDAFERÐIR

Gengið milli byggðarlaga



Sigrún Valbergsdóttir er öllum hnútum kunnug í Færeyjum en þar leiðir hún göngugarpa milli byggðarlaga. Þá er Sigrún einnig fararstjóri í gönguferðum um Keisarafjöllin í Austurríki.

„Þetta eru hvort tveggja vikuferðir og gengið alla dagana. Í Færeyjum gístum við á þremur mismunandi stöðum og göngum milli byggða, gamlar leiðir sem gengnar voru áður en vegasamband komst á.

Þetta eru óbyggðagöngur, stundum troðningar eða varðaðar leiðir en ekki alltaf,“ útskýrir Sigrún og segir fólk þurfa að vera í sæmilegu formi til að ráða við gönguleiðirnar.

„Þetta er ekkert klifur né yfir jökulár að fara en við leggjum að baki nokkur hundruð hæðarmetra á hverjum degi. Hver dagleið er 10-15 kíló-



Mikil náttúrufergurð einkennir svæðið við rætur Keisarafjallanna. Sigrún Valbergsdóttir leiðir ferðalanga um svæðið.

MYND/B.ÆNDAFERÐIR

metrar og við komum við á sex af átján eyjum Færeyja. Einn daginn siglum við frá Vogum og yfir í Mykines sem er vestasta eyjan, undurfögur klettaey með gamalli byggð og eins og að detta inn í nítjándu öldina að ganga þar um. Á göngunni er fræðst um fólk og sögu og náttúru eyjanna og farið á menningarstaði eins og Kirkjubæ á Straumey.“

Í gönguferðinni um Keisarafjöllin er gíst á fjögurra stjörnu hóteli í bænum Walchsee við samnefnt vatn. Þar er gíst allan tímann og daglega farið í ferðir út frá hótelinu. „Þarna eru allt í kring fjöll og fjallahryggir og aldrei gengin sama leiðin tvo daga í röð. Þetta er óendanlega fallegt svæði,“ segir Sigrún. „Við miðum við að vera á hæsta hrygg um hádegisbil og þar eru bændur með veitingastað þar sem hægt er að fá sér hressingu. Ekkert þarf að bera með sér á göngunni, nema kannski auka peysu eða regnstakk. En annars er að sjálfsögðu alltaf sól í svona ferðum.“



Flugþjónar og -freyjur þola ekki þegar fólk hunsar kynningar á öryggisatriðum.

ÞAÐ SEM FER Í TAUGARNAR Á FREYJUNUM

Ferðasiðan Frommers tók saman fjögur atriði sem fara mest í taugarnar á flugfreyjum og -þjónum.

1. Að veita kynningu á öryggisatriðum ekki athygli. Farþegar eiga til að lesa bók eða spjalla saman meðan á kynningunni stendur. Þetta þykir mörgum flugfreyjum dónalegt og bera vott um virðingarleysi.
2. Þegar fólk tekur ekki af sér heyrnartólin rétt á meðan því er þjónað.
3. Fólk sem hagar sér ruddalega og segir til dæmis ekki takk þegar því er réttur koddur eða drykkur fer í taugarnar á áhafnarmeðlimum. Það þykir heldur ekki fint að sitja og klippa á sér neglurnar eða vera með skóna upp í sætinu. Þeir sem standa langdvölum í ganginum og eru þannig fyrir flugfreyjunum og vögnunum þeirra vekja sjaldnast lukku.
4. Þeir sem hlusta ekki á leiðbeiningar. Meðan á flugferðinni stendur þarf áhöfnin stundum að koma skilaboðum til farþeganna. Oft virðast þessar ábendingar fara inn um annað eyrað og út um hitt. Því spyr fólk reglulega um atriði sem búið er að útskýra í hátalarakerfinu, flugfreyjunum til mikillar armæðu.

heimild: turisti.is

Beint flug



Vínarborg og Györ

Bratislava – Budapest

27. apríl - 1. maí

Fararstjóri: Gunnhildur Gunnarsdóttir

Skemmtileg 5 daga sérferð til Vínarborgar í Austurríki og Györ í Ungverjalandi.

Netverð: 145.900 kr. á mann í tvíbýli

Innifalið: Flug til og frá Budapest, skattar, gisting á góðum 3*/3*+ hótélum í 4 nætur með morgunverðarhlaðborði. 4 kvöldverðir. Kynnisferðir um: Vínarborg, Bratislava, Györ og Budapest. Akstur til og frá flugvelli og á milli áfangastaða. Íslensk fararstjórn miðað við lágmarksþátttöku 20 manns.

Þú getur sýnt myndir og myndbönd frá ferðunum á heimasíðu Heimsferðir. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is



EKIÐ UM BANDARÍKIN

Einn vinsælasti þjóðvegur

Bandaríkjanna er númer 66 (Route 66) en bæði hefur verið sungið um hann og gerðir sjónvarpsþættir. Vegurinn liggur frá Chicago til Los Angeles. Margir hafa farið þessa frægu braut á mótörhjólum en aðrir velja að keyra. Þegar undirbúa á slíka ferð er gott að vera vel skipulagður. Best er að panta hótél fyrirfram á upphafs- og lokastað ferðarinnar. Önnur gisting getur verið tilviljanakennd á leiðinni en einnig er hægt að panta á netinu með dagsfyrirvara. Bílaleigubíllinn þarf að vera rúmgóður með loftkælingu. Nauðsynlegt er að hafa kælitösku í bílnum og fylla hana reglulega með vatni og nesti. Þá er GPS-tæki ómissandi í svona ferð. Mælt er með því að aka ekki lengur en þrjá til fjóra tíma á dag til að ofþreyta sig ekki. Með því móti er hægt að stoppa á fleiri stöðum og skoða sig um.

Munnlegar ábendingar fram yfir smáforrit

Bakpokaferðalangar reida sig frekar á munnlegar ábendingar frá heimafólki og öðrum sem þekkja til en upplýsingar í smáforritum snjallsíma á ferð sinni um heiminn.

Meirihluti bakpokaferðalanga skilur snjallsímana sína eftir heima áður en þeir leggja í hann samkvæmt niðurstöðum rannsóknarteymis á vegum TNT-ferðasýningarinnar sem haldin er í London ár hvert og ber upp á þriðja mars næstkomandi.

Þrátt fyrir að framleiðendur keppist við að hanna smáforrit í snjallsíma sem ætlað er að vísa ferðamönnum veginn hvar sem þeir eru í heiminum kjósa flestir að fara eftir munnlegum ábendingum heimafólks eða annarra sem þekkja til.

Þúsund bakpokaferðalangar á aldrinum 18 til 35 ára voru spurðir og kusu 73 prósent að leita eftir munnlegum ábendingum á meðan 14 prósent notuðu samskiptavefi og smáforrit í símanum í leit að upplýsingum og áhugaverðum stöðum að skoða. 85 prósent þeirra sem áttu blackberry-síma og 68 prósent þeirra sem áttu iPhone sögðust kjósa að skilja símana eftir heima. Enn fremur sögðust 90 prósent kjósa að nota hefðbundna digital-myndavél í stað símamyndavélarinnar.

„Þrátt fyrir að gömlu góðu póstkortin séu á undanhaldi og unga fólkið noti aðrar samskiptaleiðir, er ljóst að það tekur mannleg samskipti enn þá fram yfir tæknina og þykir hreinlega ekki eftirsóknarvert að eyða fríinu í að vafra um í símanum,“ segir Kevin Ellis, framkvæmdastjóri TNT-ferðasýningarinnar.



73 prósent bakpokaferðalanga leita eftir munnlegum ábendingum en 14 prósent nota samskiptavefi og smáforrit.

NORDICPHOTOS/GETTY



Seychelles

Ævintýraferð

Seychelleseyjar í Indlandshafi

5. til 21. október 2012

Ferðalag til Seychelleseyja í Indlandshafi er upplifun sem lætur engan ósnortinn. Gestamóttakan býður nú í annað sinn uppá ferðalag þangað. Eyjarnar liggja 4° sunnan við miðbaug og þarna er alltaf hlýtt og notalegt en sjaldnast of heitt. Við munum lenda á Mahé og siglum þaðan til Praslin þar sem við verðum í 5 daga í sól, sandi og sjó. Á Praslin er frumskógur sem er á heimsminjaskrá UNESCO sem við heimsækjum og þeir sem vilja geta farið í golf á unaðslega fallegum 18 holu velli. Köfun er einnig í boði fyrir þá sem vilja. Næst er dvalið í 4 daga á eyjunni

La Digue og farið nokkra áratugi aftur í tímann; þar er friðsæld, kyrrð og stendurnar engu líkar. Leigubíll eyjunnar heitir Thomas og er 12 ára gamall uxi sem dregur farþegakerru. Gaman er að hjóla um eyjarnar enda nánast engir bílar. Að endingu er siglt til Mahe og síðstu 5 dögum eytt við ströndina Beau Vallon. Við munum heimsækja kryddgarð og sjáum m.a. pipar á trjánum og vanillu. Göngu- og veiðiferðir verða í boði ásamt snorkelferðum en sjávarlífið er stórkostlegt við eyjarnar. Flógið er frá Frankfurt til Mahe og sömu leið til baka.

Hringdu í Gestamóttökuna í síma 551 1730 eða skoðuðu www.yourhost.is

Gestamóttakan
Kirkjutorg 6, IS-101 Reykjavík

GESTAMÓTTAKAN
YOUR HOST IN SEYCHELLES

BYLGJAN
989

Sprengisandur
kraftmikill þjóðmálapáttur

Sigurjón M. Egilsson
stýrir Sprengisandi
á sunnudagsmorgnum kl. 10–12



Þórarinn Þór, markaðsstjóri Kynnisferða, segir flugrútuna einn besta ferðamáta sem völ er á á innlendum markaði.

Er um ávallt til taks

Flugrútan er starfrækt allan sólarhringinn, alla daga ársins. Hún er til taks þegar flugvélar lenda á Keflavíkurflugvelli og flytur farþega að Umferðarmiðstöðinni á BSÍ.

Flugrúta Kynnisferða ehf. hefur um árabíl verið eftirsóttur valkostur bæði meðal innlendra og erlendra ferðamanna. Þórarinn Þór markaðsstjóri Kynnisferða segir vinsældirnar ekki ástæðulausar þar sem hvorki sé hægt að hugsa sér þægilegri, fljótlegri, öruggari né ódýrari ferðamáta á innlendum markaði í dag.

„Við erum með ferðir bæði frá Keflavík og Reykjavík í tengslum við allar komur og brottfarir frá Keflavíkurflugvelli. Brottfarir frá flugstöðinni eru um 45 mínútum eftir lendingu hvers flugs. Rúturnar fara á fimmtán til tuttugu mínútna fresti þaðan þannig að þetta gengur mjög hratt fyrir sig,“ bendir hann á. Hann bætir við að tíðar brottfarir séu frá Umferðarmiðstöðinni BSÍ til flugstöðvarinn-



Þórarinn Þór

ar. „Til dæmis getur hentað fólki sem kemur utan af landi og ætlar að fljúga út, að hvíla lúin bein og gista á hóteli eða gistiheimili á höfuðborgarvæðinu og taka síðan flugrútuna út á Keflavíkurflugvöll daginn eftir. Flugrútan er einnig kjörinn ferðamáti fyrir þá sem lenda í Keflavík og fljúga áfram samdægurs innanlands frá Reykjavík,“ segir Þórarinn.

Mikið er lagt upp úr þægindum og notalegheitum í flugrútnu og sem dæmi um það hafa Kynnisferðir nýverið aukið þjónustuna við farþegana með því að innleiða þráðlaust net í allar rútur,

sama hvert leiðin liggur og er það notendum að kostnaðarlausu að sögn Þórarins. „Þetta stytir fólki stundir meðan það bíður eftir að rútan leggi af stað og auðvitað meðan á ferðalaginu sjálfu stendur.“

Kynnisferðir bjóða ýmsa fleiri möguleika fyrir ferðamenn. Þórarinn nefnir þá helstu. „Við seljum svokallaða rútopassa sem gerir fólki kleyft að ferðast innan ákveðins tímaramma innanlands, bæði styttri vegalengdir og lengri. Einnig bjóðum við upp á göngupassa á nokkrum af vinsælustu gönguleiðum landsins. Dagsferðir út frá Reykjavík fyrir erlenda ferðamenn eru reknar allt árið og sömuleiðis setjum við saman „pakka“ fyrir hópa,“ segir hann og bendir á heimasíðuna www.re.is en þar má finna frekari upplýsingar.

ferð.is

Ný ferðaskrifstofa á netinu

Bodrum í Tyrklandi

10 - 11 náttu ferðir í beinu flugi frá 22. maí.

fljúgðu ekki á hausinn fljúgðu fyrir miðna



Gümbet

Flug og gisting

Eken Resort

Allt innifalið! 22. maí - 1. júní

Verð frá **127.850 kr.**

Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbyli.

Innifalið: Flug, skattar og gisting með öllu inniföldu.

Verð m.v. 2 í tvíbyli frá 139.360 kr.

Gümbet

Flug og gisting

ISIS Hotel & Spa

Allt innifalið! 22. maí - 1. júní

Verð frá **148.605 kr.**

Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi.

Innifalið: Flug, skattar og gisting með öllu inniföldu.

Verð m.v. 2 í tvíbyli frá 164.500 kr.

Bodrum

Flugsæti

22. maí - 1. júní

Verð frá **99.900 kr.**

Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.

ISLENSKA SIA.IS FER 58621 02/12

Önnur gisting í boði:

Ersan Resort & SPA **** • Parkim Ayaz *** • Paloma Yasmin **** • Voyage Torba ****

ferð.is er íslensk ferðaskrifstofa sem einungis er starfrækt í gegnum netið. Íslendingum gefst með ferð.is kostur á að kaupa ódýrar ferðir á netinu án þess að slaka á kröfum um öryggi, þjónustu og góðan aðbúnað. * Öll verð miðast við 21. febrúar og geta breyst án fyrirvara.

góða ferð

ferð.is
sími 570 4455





Hið fræga kaffihúsatorg, Piazzetta, á Capri.



Hin undurfagra Capri er ógleymanleg öllum þeim sem þangað koma.

Í rútu um sögufræga staði frá Róm

Þeir sem hyggjast ferðast til Róm í sumarfríinu ættu að nýta ferðina og taka tveggja eða þriggja daga rútuferð á sögufræga staði í leiðinni. Gott er að skipuleggja Rómferð vel áður en lagt er af stað.

Þar sem margt er að sjá og skoða í Rómaborg er gott að undirbúa dagana vel. Ákveða fyrirfram hvað eigi að skoða og í hvaða röð. Eftir gönguferðir um borgina fyrstu dagana er nauðsynlegt að bregða sér á aðra staði. Á flestum hótélum í Róm liggja bæklingar í hillum um rútuferðir til spennandi staða. Hægt er að velja um dagsferð, tveggja eða þriggja daga ferð. Farþegar eru sóttir á hótelið brottfaradag og skilað þangað aftur að ferðinni lokinni.

Vel er hægt að ákveða slíkt ferðalag þegar á staðinn er komið. Miklu betra er að vera skipulagður og ákveða rútuferðina fyrirfram. Hægt er að kynna sér slíkar ferðir á netinu og panta séu menn ákveðnir að ferðast. Enskumælandi leiðsögumaður er með í ferðinni.

Ógleymanlegt ævintýri

Dæmi um ferð er tveggja daga ferð til Napolí, Pompei, Sorrento og eyjunnar undurfögru Capri sem er ógleymanleg. Ekið er frá Róm snemma morguns til Napolí

þar sem ferðamönnum gefst kostur á að skoða borgina. Þaðan liggur leiðin til hinnar sögufrægu Pompei sem eyðilagðist og grófst undir ösku þegar eldgos varð í fjallinu Vesúvíusi árið 79. Borgin er á heimsminjaskrá UNESCO. Árið 1748 var byrjað að grafa borgina upp og hefur hún varðveist ótrúlega vel.

Frá Pompei er ekið til Sorrento, þorpsins sem hangir í klettunum við Napolíflóann. Sorrento stendur á afar fallegum stað og gríðarlega fallegt útsýni er þaðan. Sítrónutré

vaxa vel í Sorrento og boðið er upp á Limoncello-sítrónulíkjör á hverju götuhorni.

Hin fræga Capri

Morguninn eftir er siglt til hinnar undurfögru Capri. Þar er boðið upp á bátsferð í Blue Grotto sem eyjan er fræg fyrir. Siglt er á litlum báti inn um agnarsmátt hellisop en þar fyrir innan blasir við stór hellir og fagurblár sjórinn. Á þeirri stundu syngur ræðarinn óperuaríu svo undir tekur í hellinum. Að þeirri ferð lokinni er farið í gönguferð um eyjuna og

tími gefst til að setjast á útikaffihús þar sem frægar kvikmyndir hafa verið teknar, m.a. með Sophiu Loren og Clark Gable. Fræga fólk-íð sækir til Capri og þar er hægt að rekast á heimsfrægar kvikmyndastjörnur. Eftir dagsferð um Capri er haldið aftur til Sorrento og þaðan til Róm. Svona ferð kostar rúmar fjórutíu þúsund krónur og er hverrar krónu virði. Þeir sem ákveða sumarfríð snemma geta gert góð kaup á flugi til London og þaðan til Róm með hinum ýmsu lággjaldaflugfélögum.

Býður beint flug til Slóveníu

„Þetta tókst svo vel í fyrra að við ákváðum að endurtaka leikinn,“ segir Helena Dejak hjá Nonni Travel á Akureyri en ferðaskrifstofan býður upp á beint flug til Ljubljana í Slóveníu frá Akureyri þann 26. júní næstkomandi. „Flugvélin kemur hingað með 180 ferðamenn frá Slóveníu sem munu dvelja hér í sjö daga. Fólk í Norðurlandi býðst þá sá frábæri kostur að fljúga beint frá Akureyri til Slóveníu sama dag og dvelja þar í landi til 3. júlí.“

Helena segir Íslendingana sem fóru til Slóveníu í fyrra hafa verið ákaflega ánægð. „Þeir voru afar sáttir bæði við hótelið, undirbúninginn, veðráttuna og allt það sem landið hefur upp á að bjóða,“ segir Helena en hægt er að velja um nokkrar mismunandi leiðir þegar komið er til Slóveníu. „Fólk getur valið um að fara í gönguferðir eða hjólaferðir í Júlíönsku Ölpunum, það getur kosið að spila golf við Bled-vatn eða ákveðið að dvelja í góðu yfirfærni á Portorož ströndinni við

Adríahafið sem margir Íslendingar hafa heimsótt. Þar er margt hægt að gera sér til afþreyingar, til dæmis að fara í skoðunarferð til Feneyja í báti. Þeir sem vilja geta einnig leigt sér bíl og farið á eigin vegum um landið,“ segir Helena en flestar ferðirnar enda þó með dvöl í Ljubljana, höfuðborg Slóveníu.

Helena hefur unnið ótulllega að því að kynna Norðurland fyrir umheiminum. Hún segir það mikla vinnu en það mjakist þó. „Við verðum öll að vinna að þessu verkefni saman,“ segir hún og hvetur Norðlendinga og raunar alla landsmenn til þess að nýta þau tækifæri sem þó gefast til að fljúga beint frá Akureyrarflugvelli. „Margir hafa óskað eftir því að meira sé flogið frá Akureyri en þá verður fólk líka að grípa tækifærin þegar þau gefast,“ segir Helena með áherslu. Hún segir allt eins líklegt að framhald verði á Slóveníuferðum næstu árin ef vel tekst til í ár.



Hraðinn í stórborginni New York er mikill og íbúar þar þykja beinskeyttir og jafnvel ókurteisir.

New York þykir ruddalegasta borgin

Ferðavefsíðan Travel + Leisure á travelandleisure.com gerði nýlega könnun á því á netinu hvaða borg í Bandaríkjunum þykir sú ruddalegasta. Í könnuninni, sem er gerð árlega, fá lesendur að raða 35 borgum eftir ýmsum flokkum, til dæmis hvar besta pítsan fæst, hvar er að finna bestu göturnar fyrir gangandi fólk, já og hvar ruddalegustu íbúarnir eru.

Keppnin var hörd en á endanum stóð uppi sem „sigurvegari“ sem ruddalegasta borgin, stórborgin New York. Aðrar borgir sem þóttu með þeim ruddalegri voru Los Angeles, Boston og Washington DC. Þegar litið var á efstu tuttugu borgirnar kemur í ljós ákveðið mynstur. Eftir því sem borgin er stærri, því líklegri er að hún sé talin vera ruddaleg enda á fólk í stórborgum það til að vera mjög beinskeytt. Hraðinn í minni borgum er hins vegar minni sem gæti útskýrt af hverju suðlægu borgirnar New Orleans, Savannah og Charleston voru meðal fimm efstu borga á lista yfir vinalegustu borgir Bandaríkjanna.

Sumar 2012



NAFLI ALHEIMSINS?

Beint flug frá Akureyri til Ljubljana 26.6 - 3.7

Ferðir í boði: Portoroz - Slóvenía & Króatía - Gönguferð - Hjólreiðaferð

7 nætur / 8 dagar - íslensk fararstjórn

Verð frá kr. 158.500 (skattar innifaldir)

Ferðaskrifstofan
NONNI TRAVEL
Sími: 461 1841 - www.nonnitravel.is



flugrútan



Reykjavik
Excursions
KYNNISFERÐIR

ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT.

Áætlunarferðir Flugrútunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll.

Bókaðu núna á www.flugrutan.is

Alltaf laus sæti.


Frí þráðlaus internet-
tenging í öllum bílum



BSÍ - Umferðarmiðstöðin
101 Reykjavík
☎ 580 5400
main@re.is • www.re.is



Skannaðu stríkamerkjó með snjallsímanum þínum



TÍU BESTU FERÐALÖGIN

Tónlist getur farið með hlustendur aftur í tímann og á vit ljúfsárra minninga úr ferðalögum fortíðar. Eftirfarandi listi inniheldur tíu bestu ferðalög allra tíma að mati ferðaskríbenta víða um heim.

1. Born to Be Wild

með Steppenwolf (1968)
Kraftmikið og taktfast rokk um bensínið í botn á þjóðvegum landsins.



2. Born to Run með Bruce Springsteen (1975) Ástaróður til stúlkunnar Wendy, en um leið þrá til að gefa skít í hundfúlan heimabæ.

3. On the Road Again með Willie Nelson (1980) Einlægur og hressandi slagari um ferðabakteríuna.

4. Tangled up in Blue með Bob Dylan (1975) Lag um endalok ástarsambands þar sem farið er fram og aftur í tíma ástarsögunnar.

5. Homeward Bound með Simon og Garfunkel (1966) Angurvær ballaða um heimþrá og söknuð eftir ástinni.

6. Vacation með The Go-Go's (1982) Hressandi stúlknasöngur um léttúðuga sumarást í kalifornískri sól og fjöri.



7. Paper Planes með M.I.A. (2008) Kaldhæðinn söngur kvensu sem fæst við þreytandi staðalmyndir, fordóma og alhæfingar sem ýmsir hafa gagnvart innflytjendum.

8. The Passenger með Iggy Pop (1977) Pönkslagari um ökuferð um nóturlega slóð sem liggur í gegnum dimma afkima ókunnugs borgarlandslags.

9. 24 Hours from Tulsa með Gene Pitney (1963) Lag um kauða sem hringir heim til að segja heitkonu sinni að hann komi ekki aftur.

10. Leaving on a Jet Plane með Peter, Paul og Mary (1967) Fallegt ástarlag eftir John Denver um ferðalang sem kveður sína heitelskuðu með brostið hjarta.



VAKA ÝTT ÚR VÖR

VAKINN er nýtt gæða- og umhverfiskerfi fyrir íslenska ferðaþjónustu sem verður formlega ýtt úr vör í Sunnusal Radisson Blu Hótel Sögu þriðjudaginn 28. febrúar klukkan 14.30.

VAKINN er afsprengi þróunarverkefnis sem iðnaðarráðuneytið fól Ferðamálastofu og Nýsköpunarmiðstöð Íslands að vinna að. Verkefnið er unnið í náninni samvinnu við Samtök ferðaþjónustunnar og Ferðamálasamtök Íslands og þannig hefur skapast breið samstaða innan ferðaþjónustunnar um þennan mikilvæga málaflokk. Ávörp flytja Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri, Oddný Harðardóttir iðnaðarráðherra, Árni Gunnarsson, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Unnur Halldórsdóttir, formaður Ferðamálasamtaka Íslands, og Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðingur. Nánari upplýsingar er að finna á www.ferdamalastofa.is



BREYTINGAR Á GARDERMOEN

Í janúar fór ein og hálf milljón farþega um Gardermoen flugvöllinn í Ósló og er það aukning um 8% frá sama mánuði í fyrra. Aukning var auk þess töluverð í innanlandsflugi og þá sérstaklega til og frá Norður-Noregi. Nú standa yfir breytingar á flugstöðinni á Gardermoen, veitingastöðum og verslunum er að fjölga til muna. Breytingarnar eru þegar farnar að koma í ljós en þær munu halda áfram fram á næsta ár. Þeir sem ferðast frá Ósló geta nú farið á sushi-bar og fengið sér japanskt áður en haldið er í flug eða á franskt brasserí. Þá eru nýir vínbarir að opna í flugstöðinni svo og Starbucks-kaffihús.



M-SÓFINN íslensk framleiðsla
sniðin að þínum þörfum.



Þjóðum það besta í evrópskri húsgagnahönnun og glæsilegt úrval gjafavöru.

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is
Opið alla virka daga frá 11-18 og laugardaga 11-16.